

Kaup Alfa framtaks ehf. og AF3-2 ehf. á öllu hlutafé í Nóa-Síríusi hf.

3. júní 2026

Kaup AF3-2 ehf., framtakssjóðs Alfa framtaks ehf., á öllu hlutafé í Nóa-Síríusi hf. fela aðallega í sér samsteypusamruna þar sem aðilar starfa á ótengdum mörkuðum. Í málinu var m.a. aflað gagna um sölutekjur markaðsaðila sem leiddi í ljós háa markaðshlutdeild og markaðsstyrk Nóa-Síríusi hf. á heildsölumarkaði súkkulaðis. Samrunaaðilar þurfa sjálfir að leggja mat á lögmæti einkadreifingarsamnings Orkla og Nóa-Síríusi hf., enda virðist lóðrétti samningurinn ekki sjálfkrafa lögmætur í ljósi hárrar markaðshlutdeildar síðarnefnda félagsins. Samkeppniseftirlitið lauk samrunamálinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa AF3-2 ehf. (hér eftir „AF3-2“ eða „kaupandi“) á öllu hlutafé í Nóa-Síríusi hf. (hér eftir „Nói-Síríusi“ eða „félagið“) af norsku félögunum Orkla Snacks AS og Orkla Snacks Norge AS (hér eftir „seljendur“). Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 28. apríl 2026. Byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann því að líða þann 29. apríl 2026 í samræmi við 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 12. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá. Samrunaaðilar töldu skilyrði fyrir því að tilkynna samrunann með styttri tilkynningu uppfyllt, a. lið 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og a. lið 1. mgr. 10. gr. reglna nr. 1390/2020.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, þar með talið þegar fyrirtæki nær yferráðum yfir öðru fyrirtæki, sbr. b. lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Með kaupunum eignast AF3-2 allt hlutafé í Nóa-Síríusi og fer eftir það með full yferráð yfir félaginu. Í kaupunum felst því samruni í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Veltuskilyrði 17. gr. a. samkeppnislaga eru jafnframt uppfyllt.
4. AF3-2 er eignarhaldsfélag sem er að öllu leyti í eigu framtakssjóðsins AF3 slhf., sem er í rekstri Alfa Framtaks ehf. Alfa Framtak er sjálfstætt starfandi rekstraraðili sérhæfðra sjóða og rekur sjóðina AF1, AF2 og AF3. Sjóðirnir fara með bein og óbein yferráð yfir félögum á sviði meðal annars fiskeldis, tækni, ferðapjónustu og fjarskipta. Hvorki AF3-2 né önnur félög tengd Alfa Framtaki starfa á þeim mörkuðum sem Núi-Síríusi starfar á.
5. Núi-Síríusi er íslenskt framleiðslu- og heildsölufyrirtæki sem var stofnað árið 1920. Starfsemi félagsins lýtur einkum að framleiðslu, innflutningi og heildsölu á súkkulaði og öðru sælgæti. Félagið flytur m.a. einnig inn og selur snakk, kex og morgunkorn frá erlendum framleiðendum.
6. Við afmörkun viðkomandi markaða leit Samkeppniseftirlitið til vöruframboðs samrunaaðila og fyrri framkvæmdar á sviði EES/ESB-samkeppnisréttar. Í framkvæmd framkvæmdastjórnar ESB hefur sælgæti verið skipt í aðgreinda vörumarkaði, einkum súkkulaði (e. *chocolate confectionery*) og sykursælgæti / sælgæti að meginstofni til úr sykri eða (e. *sugar confectionery*), og kex (e. *biscuits*) sem



hafa talist til sérstakra vörumarkaða.¹ Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til nákvæmrar afmörkunar markaða þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins um að samruninn raski ekki samkeppni, en til skoðunar komu markaðir fyrir framleiðslu og heildsölu á (i) súkkulaði, (ii) sælgæti/sykursælgæti, (iii) kexi, (iv) snakki og (v) morgunkorni, auk víðari markaðar fyrir sælgæti. Ekki verður fjallað frekar um kex, snakk og morgunkorn í ákvörðuninni. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað málsins vera Ísland. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemd við þá afmörkun í máli þessu.

7. Samkeppniseftirlitið aflaði tekjuupplýsinga frá keppinautum og markaðsaðilum til að meta markaðshlutdeild á viðkomandi mörkuðum. Niðurstöður um áætlaða markaðshlutdeild Nóa-Síríusar og helstu keppinauta, ásamt samþjöppun (HHI), má sjá í neðangreindum töflum fyrir árin 2023–2025. Um er að ræða heildsölu fyrirtækjanna á umræddum vörum hérlendis.
8. *Tafla 1. Markaðshlutdeild og HHI á markaði fyrir súkkulaði 2023–2025.*

Fyrirtæki	2023	2024	2025
Nói Sírius	[35-40]%	[35-40]%	[35-40]%
Góa-Linda	[15-20]%	[15-20]%	[15-20]%
Freyja	[10-15]%	[10-15]%	[15-20]%
Innnes	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Kólus (Sambó)	[0-5]%	[5-10]%	[5-10]%
Sláturfélag Suðurlands	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Danól	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
<i>Aðrir</i>	<i>[5-10]%</i>	<i>[5-10]%</i>	<i>[5-10]%^2</i>
HHI	2.201	2.243	2.009

49. *Tafla 2. Markaðshlutdeild og HHI á markaði fyrir sykursælgæti 2023–2025.*

Fyrirtæki	2023	2024	2025
Nói Sírius	[25-30]%	[25-30]%	[20-25]%
Danól	[20-25]%	[20-25]%	[20-25]%
Góa-Linda	[10-15]%	[10-15]%	[10-15]%
Innnes	[10-15]%	[10-15]%	[5-10]%
Kólus (Sambó)	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Freyja	[0-5]%	[0-5]%	[5-10]%
<i>Aðrir</i>	<i>[15-20]%</i>	<i>[15-20]%</i>	<i>[15-20]%</i>
HHI	1.599	1.604	1.572

86. *Tafla 3. Markaðshlutdeild og HHI sameiginlega fyrir sælgæti- og súkkulaði 2023–2025*

¹ Sjá til dæmis ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum COMP/M.5644 (Kraft Foods/Cadbury), COMP/M.5188 (Mars/Wrigley), COMP/M.4824 (Kraft/Danone Biscuits) og COMP/M.11725 (Valeo Foods/IDC Holding).

² Trúnaðarupplýsingar innan hornklofa eru fjarlægðar eða settar á bil í ákvörðuninni.



Fyrirtæki	2023	2024	2025
Nói Sírius	[35-40]%	[35-40]%	[30-35]%
Góa-Linda	[15-20]%	[15-20]%	[15-20]%
Freyja	[10-15]%	[10-15]%	[10-15]%
Danól	[10-15]%	[10-15]%	[10-15]%
Innes	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Kólus (Sambó)	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Aðrir	[10-15]%	[10-15]%	[10-15]%
HHI	1.876	1.907	1.763

123. Eins og sjá má af töflunum fyrir markaðshlutdeildir er Núi-Sírius stærsta fyrirtækið á markaði fyrir súkkulaði, með um [35-40%] markaðshlutdeild á tímabilinu, og hefur einnig umtalsverða hlutdeild á markaði fyrir sykursælgæti. Framangreindar tölur eru án beinnar heildsölu Orkla til Íslands. Þá breytir það ekki stöðunni hvort sem miðað er við aðgreindan heildsölumarkað súkkulaðis líkt og fordæmi og eftirspurnarstaðganga gefur tilefni til, eða víðari markaðsskilgreiningar sem samrunaaðilar byggðu á í samrunatilkynningu fyrir bæði sælgæti og súkkulaði; Núi Sírius er stærsti keppinaturinn á markaðnum og með nærri tvöfaldan markaðsstyrk á við næsta keppinatur.
124. Af markaðsstyrk ofangreindra keppinauta, þar sem fjögur stærstu fyrirtækin eru með 75-80% markaðshlutdeild við heildsölu súkkulaðis, og samþjöppunarstuðull sem er á bilinu 2.009 til 2.201 undanfarin ár, má sjá að markaður fyrir heildsölu súkkulaðis hérlendis telst mjög samþjappaður og líklega lítið rými til frekari samþjöppunar eða sameiningar keppinauta með tilheyrandi brotthvarfi samkeppnislegs aðhalds.
125. Þá er háttsemi stærstu keppinauta á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu súkkulaðis hérlendis einnig til marks um hættu á mögulegri samhæfingu keppinauta á markaðnum. Samkeppniseftirlitið hefur áður gert alvarlegar athugasemdir og leiðbeint stærstu keppinautum á markaðnum vegna skeytasendinga og opinberrar upplýsingagjafar fyrirsvarsmanna í fjölmiðlum um verðlagningu og framtíðarverðhækkunar. Í athugasemdum Samkeppniseftirlitsins hefur því verið beint til fyrirtækja að láta af slíkri upplýsingagjöf í fjölmiðlum og gæta að bannreglu 10. gr. samkeppnislaga.
126. Samrunaaðilar telja að samruninn sé samsteypusamruni sem ekki muni hafa skaðleg áhrif á samkeppni, enda starfi aðilar á ótengdum mörkuðum og hvorugur auki við markaðshlutdeild sína. Þá verði engin breyting á fjölda keppinauta eða framboði á viðkomandi mörkuðum.
127. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu, tekjuupplýsinga frá keppinautum og markaðsaðilum, og annarra fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Samkeppniseftirlitið leitaði jafnframt umsagna á markaði.
128. Samhliða kaupsamningi hafa seljendur og kaupandi gert [] um dreifingu Nóa-Sírúsar á vörum Orkla-samstæðunnar hérlendis. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á því að slíkur samningur telst ekki sjálfkrafa nauðsynleg viðbótartakmörkun fyrir framkvæmd samrunans og



Samkeppniseftirlitinu heimilt en ekki skylt að taka slíka samninga til skoðunar í samrunamálinu, einkum þegar viðskiptin og samruninn sem slíkur krefst ekki íhlutunar eða frekari rannsóknar. Slíkir samningar geta aftur á móti almennt komið til sjálfstæðrar skoðunar á grundvelli bannreglna samkeppnislaga sem gilda m.a. um lóðréttar samkeppnishömlur. Með hliðsjón af þessu hefur Samkeppniseftirlitið ekki tekið afstöðu til umrædds [] en vekur athygli aðila á markaðsstyrk hins keypta fyrirtækis enda mikilvægt að frjáls innflutningur og virk samkeppni ríki í heildsölu viðkomandi vara héraendis. Aðilar bera ábyrgð á lögmæti samningsins og að hann samræmist bannákvæðum samkeppnislaga.

129. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þar sem samrunaaðilar starfa á ótengdum mörkuðum eykur samruninn hvorki samþjöppun né dregur úr fjölda keppinauta. Með vísan til framangreinds, og áður nefnds fyrirvara um einkadreifingarsamning, telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Alfa Framtaks ehf. og AF3-2 ehf. á öllu hlutafé í Nóa-Síríusi hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson